

Ed.

114. Frumvarp til laga

[94. mál]

um breyting á orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

3. tl. 2. mgr. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita einstökum bændum, sem húa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náninni framtíð, lán til að koma upp mótórrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lokið er þeirri rafvæðingu sveitanna, sem 3ja ára áætlunin ráðgerir og nú er unnið að, er talið að um 150 býli verði utan samveitna. Ef býli þessi eiga að haldast í byggð verður að gefa þeim kost á raforku. Á nokkrum býlanna má bæta úr raforkuþöfinni með litlum vatnsaflsstöðvum, en víðast hagar þannig til, að gera verður þetta með mótórrafstöðvum.

Nú er heimilt að veita bændum lán, sem nemi allt að $\frac{4}{5}$ hlutum stofnkostnaðar. Í framkvæmd hefur þetta verið gert þannig, að lánuð hafa verið um 70% af rafstöðvarverðinu. Hafa lánin verið til 9 eða 10 ára, afborganalaus í eitt eða tvö ár og greiddast upp með jöfnum afborgunum á 8 árum. Lánin hafa borið 6% ársvexti.

Hér er lagt til, að heimila Orkusjóði að lána bændum allt kostnaðarverð mótórrafstöðva til heimilisnota og ætti þetta að bæta hag þessara aðilja verulega.